

Berist til Bæjarráðs/Bæjarstjórnar

Frá : Íbúasamtök Stöðvarfjarðar <ibuasamtok755@gmail.com>
Heiti : Berist til Bæjarráðs/Bæjarstjórnar
Málsnúmer : 2312092
Málsaðili : Íbúasamtök Stöðvarfjarðar
Skráð dags : 13.12.2023 10:46:00
Höfundur : Íbúasamtök Stöðvarfjarðar <ibuasamtok755@gmail.com>

Góðan dag.

Íbúasamtök Stöðvarfjarðar leggja hér fram tvö mál til bæjarráðs.

1.
Íbúasamtökin vilja ítreka beiðni sína varðandi sölu tjaldsvæðisins á Stöðvarfirði.
Í fundargerð bæjarráðs 30.10.23 lið 6. Felur bæjarráð atvinnu og þróunarstjóra að ræða við íbúa við Réttarholt 1 til hugmynda sem koma fram í bréfi íbúasamtakana.
Í fundargerð bæjarráð 04.12.23 lið 1. Er umhverfis og skipulagsfulltrúa falið að fara yfir nauðsynlega skipulagsvinnu og samhliða því verði gerð drög að auglýsingu svæðanna.
Eftir því sem við best vitum hefur ekki enn verið rætt við íbúa við Réttarholt 1.
Eru hugmyndir íbúasamtakana teknar með í þessa skipulagsvinnu?

2.
Varðandi nýja opnunartíma móttökustöðvar.
Í fundargerð umhverfis og skipulagsnefnd 21.11.23 er nýr opnunartími móttökustöðva samþykktur.
Samkvæmt því skjali er opnunartíminn á Stöðvarfirði föstudagar frá 16:00-18:00 og engin helgaropnun.
Margir íbúar á Stöðvarfirði vinna annarsstaðar en á Stöðvarfirði og eru oft ekki komnir heim á Stöðvarfjörð fyrr en klukkan 18:00 á virkum dögum.
Íbúasamtökunum finnst skammarlegt af Fjarðabyggð að hafa enga helgaropnun á Stöðvarfirði, heldur er ætlast til að við förum á Fáskrúðsfjörð eða Reyðarfjörð um helgar. Þar þurfa íbúar að keyra einn hættulegasta veg landsins, 27 km, til að komast á móttökustöðina á Fáskrúðsfirði og 44km til að komast á Reyðarfjörður.
Okkur finnst eðlilegra að tekinn yrði laugardagur af einhverjum staðnum og hann færður til Stöðvarfjarðar.
Horfið aðeins á vegalengdirnar milli staða og hvernig vegurinn er.
Esk-Nes 23km mjög góður vegur
Fásk-Rey 21km mjög góður vegur
Rey-Esk 15km mjög góður vegur.
Íbúar á Stöðvarfirði þurfa alveg jafn mikinn aðgang af móttökustöð um helgar eins og aðrir íbúar Fjarðabyggðar.

Kveðja.

Íbúasamtök Stöðvarfjarðar.